

Svar

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um skuldaúrræði fyrir einstaklinga.

Til svars við fyrirspurninni óskaði efnahags- og viðskiptaráðuneytið eftir upplýsingum hjá Samtökum fjármálafyrirtækja. Tölurnar í svarinu sýna stöðuna frá 1. nóvember sl. fyrir viðskiptabanka og sparisjóði í heild. Nýrri tölur liggja ekki fyrir. Samtök fjármálafyrirtækja hafa ekki heimild til þess að birta sundurliðaðar upplýsingar fyrir einstök félög.

1. *Hve margir einstaklingar hafa fengið lán sín fryst?*

Um 2.440 einstaklingar eru með lán sín í frystingu.

2. *Hve margir einstaklingar hafa fengið leiðréttingu á höfuðstól lána sinna í bönkum og sparisjóðum og hver er heildarfjárhæð þeirrar skuldalækkunar?*

Um 3.000 einstaklingar hafa fengið leiðréttingu á höfuðstól lána sinna í bönkum og sparisjóðum og nemur heildarfjárhæð skuldalækkunar um 12 milljörðum kr.

3. *Hve margir einstaklingar hafa fengið afskrifaðar skuldir í bönkum og sparisjóðum eftir svo kallaðri 110% leið og hver er heildarfjárhæð þeirra afskrifta?*

Rúmlega 1.600 einstaklingar hafa fengið afskrifaðar skuldir í bönkum og sparisjóðum eftir svokallaðri 110%-leið sem hefur leitt til afskrifta upp á 8 milljarða kr.

4. *Hve margir einstaklingar hafa fengið sértæka skuldaaðlögun?*

Um 140 einstaklingar hafa fengið sértæka skuldaaðlögun.